

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 5. apríl 2022
Málsnúmer: 202203-0013
LA/OKV/BK/SS

Efni: Umsögn um matsáætlun fyrir virkjun í Geitdalsá í Múlþingi.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun dags. 7. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir 9,9 MW virkjun í Geitdalsá í Múlþingi. Orkustofnun hefur gefið út rannsóknarleyfi vegna rannsókna á vatnasviði Geitdalsár vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Ekki er í gildi deiliskipulag eða aðalskipulag fyrir framkvæmdasvæðið. Framkvæmdasvæðið er innan þjóðlendu og miðhálendislínu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að tillagan gerir góða grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til eða fyrirhugaðri gagnaöflun, en vil koma eftirfarandi ábendingum á framfæri, þó að fram komi í matsáætlun að nokkur þeirra atriða verði skoðuð nánar í mati á umhverfisáhrifum:

- Í matsáætlun kemur fram að engin friðlýst eða vernduð svæði séu innan framkvæmdasvæðis. Innan svæðisins eru fossar, vötn og votlendi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og þarf að gera grein fyrir þeim. Náttúrufræðistofnun hefur litlar sem engar upplýsingar um fossa innan svæðisins. Einnig þarf að greina betur votlendissvæði innan framkvæmdasvæðisins því að kortlagning vistgerða í vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar frá 2017 byggir að mestu leyti á fjarkönnun þar sem votlendisvistgerðir reynast stundum vanmetnar. Votlendisvistgerðir hafa margar hverjar hátt verndargildi innan Bernarsamningsins og hefur verndargildi þeirra hérlendis verið endurmetið á síðustu árum.
- Í náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar (<https://geo.alta.is/nms/?z=10.67&lat=64.96641621&lng=-14.73967511>) er skrá um Geitdalsgríðlandið og náttúrufar þess. Þar er fjallað um birki- og víðikjarr í hlíðum dalsins, en sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré, njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Í nálægð svæðisins eru tvö svæði á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Það eru svæði nr. 618 Ranaskógur og Gilsárgil og svæði nr. 619 Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógur. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmda á þessi náttúruminjasvæði.
<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>
- Meta þarf áhrif virkjunarframkvæmda á fyrirhugaðan miðhálendisþjóðgarð sem hefur verið í undirbúningi undanfarin ár.



- Upplýsingar um jarðfræði svæðisins skortir að stórum hluta. Náttúrufræðistofnun gaf nýlega út jarðfræðikort af Austurlandi en kortlagningin nær ekki yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Upplýsingar um berggrunn og jarðgrunn svæðisins eru takmarkaðar og þarf að skoða betur.
- Framkvæmdasvæðið liggur innan svæðis sem flokkast sem óbyggð víðerni skv. náttúruverndarlögum. Óbyggð víðerni eru nær horfin í Evrópu og fágæt á Íslandi. Alþjóðleg ábyrgð Íslands um að vernda þessi svæði er mikil. Gera þarf grein fyrir óbyggðum víðernum innan framkvæmdasvæðisins og skerðingu þeirra.
- Gera þarf grein fyrir árstíðabundnum sveiflum í miðlunarlóninu og inntakslóninu með tillit til bakkarofs og uppblásturs vegna mögulegra breytinga í vatnsborði lónanna. Fram kemur í matsáætlun að skerðing á rennsli geti verið allt að 80%, bæði yfir sumar- og vetrartíma.
- Gera þarf grein fyrir legu á öllum lögnum og vegaf framkvæmdum sem tengjast virkjunarframkvæmdum, og áhrifum þeirra á ásýnd svæðisins.
- Gera þarf grein fyrir efnistökusvæðum og áhrifum þeirra á umhverfið.
- Gera þarf betur grein fyrir aðferðum sem beitt er við fuglaathuganir, hvort um er að ræða t.d. sniðtalningar, kortlagningu o.s.frv. Eins mættu tímasetningar athugana vera skýrari. Að lokum má athuga orðalag í eftirfarandi setningu: „Seinni ferðin er farin um mitt sumar til að ná til fugla sem geta verið í síðbúnu varpi og verpa gjarnan hærra, einkum mófuglar *með unga*.“ Hér færi betur að sleppa „með unga“ í lok setningar.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda matsáætlun en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands

